



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 130/460

komudagur 4.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 03.12.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignaskatt, 18 mál.

Samtökum atvinnurekenda og samtökum launafólks er falið mikilvægt hlutverk í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Því hlutverki er annars vegar sinnt í tvíhliða samstarfi þessara aðila og hins vegar í þríhliða samstarfi þeirra og stjórnvalda. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru félagsgjöld atvinnurekenda til heildarsamtaka sinna frádráttarþær í rekstri og kemur þannig til lækkunar á skattskyldum tekjum þeirra. Það sama á hins vegar ekki við um félagsmenn stéttarfélaganna. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt í þessu efni og þess vegna hvetur ASÍ mjög eindregið til þess að frumvarp þetta verði samþykkt og launafólki veitt heimild til þess að draga félagsgjöld sín frá skattskyldum tekjum. Í þessu sambandi er minnt á skyldu stjórnvalda skv. samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar til þess að meðhöndla aðila vinnuþinga með sambærilegum hætti. Hjálagt fylgir einnig ályktun 5 Evrópuráðstefnu ILO en þar eru stjórnvöld í Evrópu hvött til þess að veita bæði samtökum atvinnurekenda og launafólki skattaívilnun vegna félagsgjalda.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ



International Labour Organization

Regional Office for Europe and Central Asia: Geneva

VI European Regional Meeting
Geneva, 12 - 15 December 2000

Deutsch

Russian

Bls 14.
Gratpelt
Ploppwald

Record of the Fifth European Regional Conference (Warsaw, 20-27 September 1995)

Index

Introduction

The coverage and financing of social protection

Discussion of the Report of the Director-General: The strengthening of tripartite structures for the development of active employment policy

ILO activities in Europe

Resolutions adopted by the Fifth European Regional Conference

- Resolution aiming at ensuring the independence and facilitating the financing of employers' and workers' organizations
- Resolution concerning the protection and promotion of the rights of migrant workers and their families in Europe
- Resolution concerning employment and tripartism in Europe

Credentials questions

Appendix I: Conclusions concerning the coverage and financing of social protection

Retirement pensions
Health care programmes
Unemployment compensation and social assistance

17. For the countries in transition, as well as for the other countries in the region, standards provide a valuable reference framework for the preparation and development of national legislations enabling a greater convergence to be achieved between the various States in the region on economic and social matters.
18. The ratification and application of the core standards respecting human rights and the other Conventions considered as priority instruments by the Governing Body, as well as the Minimum Age Convention, 1973 (No. 138), should be amongst the major objectives of member States in the region, which would demonstrate the importance which they attach to these universal values.
19. However, the importance and priority given to international labour standards respecting human rights should not in any case detract from the value and pertinence of other ILO standards.
20. The Conference expresses the wish that the Office continues and strengthens its advisory services to all the constituents of the member States of the region who request them, in particular in the countries in transition, with a view to promoting the application of standards and familiarizing constituents with all aspects of the ILO standard-setting system and the obligations concerning standards, including supervisory procedures.
21. The Conference recalls the importance of the synergy existing between standards and technical cooperation and expresses its satisfaction at the measures which have been taken and which will be further developed within the framework of the Active Partnership Policy, to ensure that due account is taken of both economic requirements and the social dimension.
22. Lastly, the Conference stresses the need for coherence between the universal standards of the ILO and regional standards, such as those established within the European Union and the Council of Europe.

Appendix III

Resolutions adopted by the Conference

I Resolution aiming at ensuring the independence and facilitating the financing of employers' and workers' organizations

The Fifth European Regional Conference of the International Labour Organization,

Having met in Warsaw from 20 to 27 September 1995,

Recalling the Declaration of Philadelphia, which states that "the representatives of workers and employers, enjoying equal status with those of governments, join with them in free discussion and democratic decision with a view to the promotion of the common welfare",

Recognizing that the foundation, structure and functioning of the ILO are based on tripartism,

Understanding that the essence of tripartism is the constitution of a pluralistic institutional infrastructure designed to enhance democracy and to provide stability to society,

Convinced that for the proper functioning of tripartism each of the three parties must be totally independent of each other and must enjoy the status and have adequate means for its participation in social dialogue,

Noting that the problems of structural adjustment constitute a serious challenge for the countries of Central and Eastern Europe, especially during the period of transition from a centrally planned economy to a market economy,

Noting further that the full involvement of employers' and workers' organizations in the elaboration of the social aspects of the restructuring process is indispensable;

Invites the governments of European countries:

- (a) to provide strong encouragement for the development of viable, representative and fully independent organizations of employers and workers;
- (b) to comply with their obligations arising out of the ILO Constitution and Conventions to effectively implement tripartism in their national social dialogue and structures and their participation in the work of the ILO;
- (c) to consider appropriate measures that would enable their laws, regulations and practice, including tax regulations, to allow enterprises and workers to account for their subscriptions to their respective organizations as cost items;
- (d) to participate actively, in full consultation with employers' and workers' organizations, in the efforts to focus future ILO activities on the needs expressed by its tripartite constituents.

II

Resolution concerning the protection and promotion of the rights of migrant workers and their families in Europe

The Fifth European Regional Conference of the International Labour Organization,

Having met in Warsaw from 20 to 27 September 1995,

Guided by the ILO's constitutional commitment to protect the interests of workers when employed in countries other than their own,

Recognizing that such workers often are particularly vulnerable to exploitation and mistreatment, and that more non-nationals live and work in Europe than in any other region,

Welcoming the commitment made at the World Summit for Social Development to ensure that migrant workers benefit from the protection offered by all relevant national and international instruments and to take effective measures against their exploitation,

Mindful of the major changes in migrant flows to, from, and between European countries over time, and that recent economic and political transformation in some of them have produced complex new situations that require the urgent attention of the ILO and its member States,

Stressing that migrant workers continue to make a major contribution to the economic and social development of receiving countries, and that orderly migration can play an important role in employment policy,

Emphasizing the need for increased international cooperation in the regulation of migration for employment so that it meets the existing demand for labour and in order to eradicate illegal migration and its attendant abuses,

Convinced of the value of targeted international action in the fields of trade, development assistance, and investment aiming at alleviating migratory pressures through the promotion of viable employment in sending countries,

Noting the standards embodied in the relevant ILO Conventions, including the Migration for Employment Convention (Revised), 1949 (No. 97), the Discrimination (Employment and Occupation) Convention, 1958 (No. 111), the Equality of Treatment (Social Security) Convention, 1962 (No. 118) and the Migrant Workers (Supplementary Provisions) Convention, 1975 (No. 143) as well as the accompanying Recommendations,

Acknowledging that application of the principles of equal treatment and non-discrimination to migrant workers and their families requires adequate institutional capacities as well as appropriate legislation,

Deploring the growth of racism and xenophobia which threatens not only migrant workers and their families but the democratic life of many European nations,

Concerned that in many countries, migrant workers and their families, including second generation migrants, are disproportionately affected by social exclusion and marginalization, which is evidence of widespread failure of policies for their integration,

Aware of the specific problems facing migrant women;

1. Calls upon governments and, where appropriate, workers' and employers' organizations:

(a) to give due consideration to the ratification and implementation of relevant ILO Conventions and the International Convention on the Protection of the Rights of all Migrant Workers and Members of their Families;

(b) to promote the application of the principles of equal treatment and non-discrimination to all migrant workers and their families in respect of working conditions and social security, in line with the commitment made at the World Summit for Social Development;

(c) to intensify their efforts to eliminate all racism and xenophobia and to stop acts of discrimination against migrant workers;

(d) to take specific initiatives to counter marginalization and exclusion of migrants wherever this occurs, and to address the problems of

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/461
komudagur 4.12.2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 18. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 18. mál, félagsgjöld til stéttarfélags.

BSRB styður frumvarpið enda er óeðlilegt annað en samræmi sé í skattlagningu gjalda atvinnurekenda til sinna samtaka og félagsgjalda launafólks til verkalyðsfélaga.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'.
Svanhildur Halldórsdóttir



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/248

komudagur 21.11.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. nóvember 2003
Sp/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á iögum um tekjuskatt og eignarskatt, 18. mál
Tilv: 2003110021

Við er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. nóvember sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fjallað um málið og tekur undir sjónarmið flutningsmanna og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 130/462
komudagur 4. 12. 2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. desember 2003
Tilv. FLE 23-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 18. mál,
félagsgjöld til stéttarfélags.**

Með bréfi dags. 12. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
Félag löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/459
komudagur 4.12.2003

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
nefndarritari
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2003

2003110230

Umsögn um þingmál, 18 mál. Frádráttur vegna félagsgjalda til stéttarfélaga

Með bréfi dagsettu 12.nóvember sl. óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd eftir því að ríkisskattstjóri gefi umsögn um frumvarp á þskj 18, 18. mál yfirstandandi þings. Um er að ræða tillögu til breytinga á lögum nr 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt í þá veru að félagsgjöld til stéttarfélags verði frádráttabær til skatts hjá einstaklingum utan atvinnurekstrar.

Það er skoðun ríkisskattstjóra að ákvæði frumvarpsins séu ekki í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið af stjórnvöldum í skattamálum undanfarna áratugi að leitast við að hafa skattgrunn og skattstofna sem breiðasta og með sem fæstum undanþágum. Með upptöku staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987 var nauðsyn á einföldun skattkerfisins og í því skyni voru frádráttarákvæði launþega í þágildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt einfölduð og því sem næst færð í núverandi mynd. Um þessi atriði segir svo í athugasemdum með 3. og 4. gr. laga nr. 49/1987, 109 löggjafarþing; 342. mál : " Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan er afnám hinna fjölmörgu frádráttarheimilda frá tekjum, sem í gildi hafa verið í lengri eða skemmri tíma, forsenda þess að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta, sem bæði uppfyllir þær kröfur að vera einfalt og öruggt í framkvæmd. Af þessum sökum verður ekki komist hjá því að afnema nær allar gildandi frádráttarheimildir frá tekjum sem um ræðir í A, C, D og E-lið 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Á móti kemur að persónuafsláttur er rúmlega tvöfaldaður, tekinn verður upp sérstakur sjómannaafsláttur, kveðið á um sérstakar húsnæðisbætur til þeirra sem byggja í fyrsta sinn, auk þess sem jaðarskatthlutfallið lækkar nokkuð."

Í athugasemdum með frumvarpi því sem hér er til umsagnar á þskj 18 á yfirstandandi þingi segir: "Yfirsattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjuskattstofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna hafa hins vegar ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Flutningsmenn telja engin rök fyrir því misræmi. Það felur í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreifingunni, og stenst varla jafnræðisreglu."


Ríkisskattstjóri vill í þessu sambandi benda á að almennt verður ekki jafnað saman frádráttarheimildum launþega frá skattskyldum tekjum svo sem þær kunna að vera afmarkaðar í skattalögum og almennum rekstrarkostnaði þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Um rekstrarkostnað eða frádrátt frá atvinnurekstrartekjum gilda að meginstefnu til önnur lögmál en um frádráttarliði launþega. Meginregluna er að finna í 31. gr. gildandi laga. Til fyllingar síðast nefndu ákvæði gildir reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Í 1. málsli. b- liðs 6. gr. tilvitnaðrar reglugerðar segir: að til rekstrarútgjalda megi telja :

"Félagsgjöld sem atvinnurekendur greiða og ganga til greiðslu kostnaðar vegna öflunar, viðhalds og tryggingar atvinnurekstrartekna þeirra." Eins og þarna kemur fram er frádráttur frá atvinnurekstrartekjum miðaður við það að eftir standi til skattlagningar sá hluti teknanna, sem rennur til eigandans hvort sem er sem rekstrarhagnaður, arður eða önnur úttekt úr félagi eða sem eignarauki í félaginu. Enginn persónulegur kostnaður eigendanna á að vera frádráttarbær. Ekkert misræmi er því í lögnum heldur er hér um eðlilegan og rökréttan mismun að ræða.

Þá vill ríkisskattstjóri benda á að með breytingu þessari yrði farið að nýju inn á þá braut að láta ráðstöfun tekna ráða um skattskyldu þeirra en slíkt samrýmist illa meginreglum skattalaganna um skattskyldu og skattskyldar tekjur.

Ríkisskattstjóri leggst eindregið gegn breytingu þeirri sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson

Alþingi
Erindi nr. Þ
komudagur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 25.11. 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, 18. mál, félagsgjöld.

Frumvarp þetta er endurflutt frá 128. löggjafarþingi. Þá óskaði Alþingi eftir umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og var hún svohljóðandi.

„Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarféлага verði frádráttarbær frá tekjuskatti. Flutningsmenn rökstyðja tillöguna með því að félagsgjöld fyrirtækja til samtaka atvinnurekenda séu frádráttarbær frá tekjum. Samtök atvinnulífsins telja þann samanburð ekki eiga við þar sem allt önnur sjónarmið liggja að baki skattlagningu fyrirtækja en launamanna. Yfirskattanefnd hefur úrskurðað að gjaldfærsla tiltekinna félagsgjalda fyrirtækja sé í samræmi við 31. gr. laga 75/1981 þannig að aðild að vissum félögum styrki möguleika þeirra til tekjuöflunar. Skattalögin heimila hins vegar ekki að launamenn dragi frá tekjum sínum þann kostnað sem þeir leggja í til að afla tekna. Gildir þá einu hvort um er að ræða menntun, vinnuföt og ferðir til og frá vinnu. Frádráttarbærni stéttarfélagsgjalda er því í andstöðu við grundvallaratriði í skattlagningu tekna launamanna. Ef tillaga flutningsmanna yrði samþykkt er vandséð hvar hægt yrði að setja mörkin við frádráttarbærni ýmissa gjalda launamanna frá tekjuskattstofni. Samþykkt hennar hlyti því að veikja undirstöður tekjuskattkerfisins. Í ljósi þess að um 85% launamanna eru í stéttarfélögum og að félagsgjöld eru oft 1% af launum og gjarnan hærri þá má ætla að tekjuskatthlutfall ríkisins þyrfti að hækka um 0,4% ef tekjur ríkissjóðs ættu að vera óbreyttar eftir slíka breytingu.“

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Fylgiskjal með umsögn um frv. til laga um br. á lögum nr. 90/2003 nr. 88/2003

Reykjavík, 5. september 2003

Geir H. Haarde
Fjármálaráðherra
Amarhvoli
150 Reykjavík

Efni: Áherslur í skattamálum

Skattahópur Samtaka atvinnulífsins hefur undanfarið fjallað sérstalega um möguleika þess að aðlag enn frekar íslensk skattalög að alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hvað varðar skattlagningu arðs, söluhagnaðar og þóknana til félaga sem skráð eru erlendis. Á sama grundvelli hefur skattahópurinn horft til gildandi ákvæða um skattlagningu hagnaðar erlends félags af sölu eignarhluta í íslensku félagi. Algengt er að tvísköttunarsamningar geymi ákvæði sem fella brott skattskyldu af slíkum tekjum jafnt inn sem út úr landinu. Skattskyldan er hins vegar ótvíræð í dag samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, þ.e. að af söluhagnaði og arði greiðist 15% tekjuskattur og af þóknunum 18%. Hvað varðar arðinn eru þannig ólíkar reglur eftir því hvort arður er greiddur frá hérlandu félagi til annars íslensks félags eða til félags sem skráð er erlendis, þ.e. 0% milli íslenskra félaga en 15% ef greiddur til félags skráð með skattalega heimilisfesti erlendis. Þá kveða löggin á um 18-26% skatt á söluhagnað erlends félags í íslensku félagi.

Framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra skattalaga hefur reynst erfið, ekki síst þar sem oft er erfitt fyrir skattyfirvöld að fá upplýsingar um söluverðmæti eða þóknana greiðslur. Ýmis af nágrannalöndum okkar, s.s. Danmörk, Svíþjóð og Írland hafa stigið það skref að afnema skattskyldu á söluhagnaði og arði bæði inn og út úr landinu í skattalöggjöf sinni og þannig aukið frekar á aðdráttarafl sitt sem ríki sem bjóða upp á hagstætt skattaumhverfi fyrir erlenda fjárfesta. Að mati Samtaka atvinnulífsins skiptir miklu máli að sem best samvinna sé á milli stjórnvalda og atvinnulífs um að búa íslensku atvinnulífi þær bestu aðstæður sem þekkjast. Fjárfestingaumhverfið er eitt af lykilatriðunum í því sambandi. Í ljósi þess leggja SA til meðfylgjandi breytingar á lögum nr. 90/2003, en þær miða að því að fara svípaða leið og fyrrgreindar þjóðir og fella brott eða lágmarka skattskyldu af bæði söluhagnaði og arði sem og af greiddum þóknunum út úr landinu og að færa ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar inn til landsins í sama horf og gildir um arð sem greiddur er frá erlendu félagi til Íslands.

SA leggja áherslu á að þessar breytingar eiga ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs, þar sem tekjur af þessum þáttum hafa verið í algeru lágmarki. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að slíkar betrubætur á skattalögunum muni greiða leið fjölda erlendra fjárfesta til Íslands og sporna á móti þeirri þróun að íslenskir aðilar flytji fjármagn sitt í vaxandi mæli út úr landinu með stofnun eignarhaldsfélaga á erlendri grundu.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald,
framkvæmdastjóri

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/381
komudagur 1.12.2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2003
Tilv. 02.109
GÁS


Vísað er til erindis hæstvitar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, 18. mál, félagsgjöld til stéttarfélags.

Samtökin telja að sú tillaga sem hér er lögð fram um að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti stríði gegn meginreglunni um félagafrelsi. Hún viðheldur þrýstingi á launþega að vera í verkalýðsfélögum og getur haft í för með verulega hækkun framlaga til þeirra.

Í athugasemdum við frumvarpið eru félagsgjöld til verkalýðsfélaga lögð að jöfnu við félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til atvinnurekendasamtaka. Þessu er ekki hægt að jafna saman á svo einfaldan hátt því fyrirtæki hafa fullt frelsi til að gerast aðilar að atvinnurekendasamtökum og viðurkennt hefur verið að gjöld sem greidd eru til þeirra teljist rekstrarkostnaður fyrirtækjanna.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að veita hæstvirti efnahags- og viðskiptanefnd nánari upplýsingar og að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt


Guðrún Ásta Sigurðardóttir ldl.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/518
komudagur 8.12.2003



3. desember 2003

Efni: Umsögn SVÞ um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 18.mál, félagsgjöld til stéttarféлага.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þetta frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr.90/2003.

Reifun máls

Í greinargerð kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að leiðrétt mismunun á milli fyrirtækja og launþega að því er varðar frádráttarbærni félagsgjalda sem greidd eru til stéttarféлага. Fyrirtæki fá þetta dregið frá skatti en launþegar ekki og ekkert réttlæti þessa mismunun.

Samtökin geta ekki án meiri skoðunar fallist á þessa röksemdarfærslu, enda er samtökunum kunnugt um umsögn Samtaka atvinnulífsins um þetta mál frá því á 128.löggjafarþingi.

Umsögn

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu kjósa að veita ekki umsögn um þetta mál að sinni.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 120/46.3
komudagur 4.12.2003



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2003.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um tekjusk. nr. 90/2003 (18. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráði sýnist af greinargerð með ofangreindu frumvarpi að misskilings gæti um lagalega stöðu fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar. Forsendur frumvarpsins séu því ekki á rökum reistar. Verslunarráð getur þó tekið undir sjónarmið þeirra sem gagnrýna mikla skattlagningu hér á landi og hvetur til þess að tekjuskattar einstaklinga verði lækkaðir.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is